

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2007

**Efni: Umsögn tækninefndar um frumvarp til laga um námsgögn, þskj. 772, 511. mál.**

Á fundi tækninefndar þann 6. febrúar 2007 var ofangreint mál tekið til umfjöllunar.

Vakin er athygli á að í stefnu Vísinda- og tækniráðs frá júní 2006 kemur fram að „...í veigamiklum greinum er menntastefna um leið atvinnustefna.“ Í kafla 4.1 um betri skóla kemur fram að „Þróun þekkingarsamfélagsins byggir á samfelli í námi frá leikskóla til lokagráðu frá háskóla. Áherslur í menntakerfinu þurfa að mæta kröfum samfélagsins á hverjum tíma. Samkeppni er skólum og skólustarfi holl að því leyti sem hún eflir skapandi hugsun, ræktar frumkvæði og eflir framtak þeirra sem hagnýta þekkingu og stunda nýsköpun.“

Tækninefnd telur að lagafrumvarpið um námsgögn geti stuðlað að slíkri samfelli, en ekki síst að tryggt fjölbreytni í framboði námsgagna, aukið val og sjálfstæði með auknum sveigjanleika kennara við útfærslu námskráa og stuðlað að þróun og nýsköpun í námsgagnagerð.

Tækninefnd fagnar sérstaklega Þróunarsjóði námsgagna sbr. 7. gr., en gera má ráð fyrir að hann ýti undir þá nýsköpun og fjölbreytni sem nauðsynleg er til að þau markmið sem fram koma í stefnu Vísinda- og tækniráðs náist.

F.h. hönd tækninefndar  
Vísinda og tækniráðs,

Hanna Dóra Másdóttir  
Hanna Dóra Másdóttir  
ritari